

PALAESTRA.

Untersuchungen und Texte aus der deutschen
und englischen Philologie.

Herausgegeben

von

Alois Brandl und Erich Schmidt.

XI.

Die Gautrekssaga. Von Wilhelm Ranisch.

BERLIN.
MAYER & MÜLLER.
1900.

PALAESTRA XI.

Die
Gautrekssaga

in

zwei Fassungen

herausgegeben

von

Wilhelm Ranisch.

BERLIN.
MAYER & MÜLLER.
1900.

Handschriften der kürzeren Fassung
der *Gautreks saga konungs*
(in chronologischer Reihenfolge)

- E** AM 567 XIV γ , 4° (ca. 1400)
- M** SKB pap. 1, fol. (1600–1650)
- K** AM 164 h, fol. (17. Jh., vor 1665)
- L** AM 194 c, fol. (17. Jh., vor 1672)
AM 203, fol. (17. Jh., vor 1672) – Abschrift von AM 194c, fol. (?)
- I** AM 363, 4° (ca. 1700)
ÍB 165, 4° (1778)
ÍB 320, 4° (um 1800)
AM 920, 4° (19. Jh.) – Abschrift von AM 567 XIV γ , 4°
NkS 1748, 4° (19. Jh.) – Abschrift von AM 194c, fol.

Söguþáttur af Gjafa-Ref
og Dala-Fiflum.

L. 1. Gauti hefur kóngur heitið, er rjeð fyrir Gautlandi; hann var vitur maður og velstilltur, mildur og máldjarfur. Hann fór opt um daga að beita hundum sínum og haukum. Og einn dag, sem kóngur fór á dýraveiði og hans hirðmenn, skaut kóngur hjört einn, og stóð spjótið í sárinu. Kóngi þótti skömm í, að ná ekki skeyti sínu, og reið eptir blóðrakinu og varð viðskila við sína menn. En veðrið tók að skýja, og villtist kóngur vegarins. Síðan kastaði kóngur skikkjunni og kyrtlinum og öðrum klæðum, svo hann var ekki eptir nema í skyrtu og línbrókum einum. Síðan heyrði hann hundsgá; þá kom hann að einum bæ, þar stóð úti maður fyrir dyrum. Honum varð það fyrir, að hann drap hundinn til dauðs. Síðan ætlar kóngur inn að ganga, en hinn vefst fyrir dyrnar. Kóngur rjeðst þá á hann, og sviptust um stund, og komst kóngur svo inn að óvilja þess sem úti stóð. Hús voru þar vel búin ok menn vænir og hæfliga miklir. Þeir 20 óttuðust kóng. Þá mælti sá er kóngi þótti bóndinn mundi vera: Hvað tókstu til bragðs, er hundurinn gó? Eg drap hann, kvað þrællinn. Gott úrræði var það, sagði bóndi, og vil eg gefa þjer frelsi, og skaltu fara með mjer. Kóngur gekk undir borð og settist að mat með bónda, en bóndinn þagði. Enginn maður mælti þar við annan. Síðan fór fólk til svefns; þar var allt hljótt; hagsmiði þótti kóngi þar á öllu. Síðan kom til kóngs kona og mælti: Mun ei ráð, að þú þiggir beina af mjer? Kóngur

Die Ueberschrift nach AM 203 fol. chart. und 1; Saga Gauta ok Gautreks kónga (von späterer Hand) L; þáttur af Gauta kóngi (und vor Kap. 3: þáttur af Gautreki kóngi) M. 7. skaut kóngur] 1, að kóngur skaut LM. sárinu] M, hárinu L. 9. blóðrakinu] blóðrakinni M. 13. hundsgál hundar gó L, hunda gó 1, hund gjeltha M. 16. vefst] M, vegst L. 25. maður] 1M, mann L. mæltij talaði M.

Gauta þáttur.

Gauti hjet kóngur, hann rjeð fyrir Gautlandi; hann K. var vitur maður og vel stilltur og hinn mesti íþróttamaður, mildur og máldjarfur. Hann fór opt um daga á skóg, að beita hundum sínum og haukum, sem síður er góðra manna. En einn dag, er hann fer á dýraveiðar og hirð hans með honum, skaut hann einn hjört, og stóð spjótið í sárinu. Kóngi þótti skömm að ná eigi skeytum sínum og fór eptir hirtinum, náandi eigi skeytinu, en villtist vegarins. Síðan kastaði hann klæðunum og var eptir í skyrtu og línbrókum. Síðan heyrði hann hund geyja og kom þar næst að húsabæ. Þar stóð maður úti; og varð það fyrir, að hann laust hundinn til dauðs. Kóngur vildi inn ganga, en hinn vefast (?) í dyrnar, og var ekki um innganginn kóngs. Kóngur reynir á og komst inn að óvilja þess er fyrir var. Hús voru þar lítil og vel búin, menn vænir og hæfliga miklir. Þá mælti sá sem kóngi þótti, sem bóndinn mundi vera: Hvað tókstu til, þræll, er hundurinn gó? Þrællinn svaraði: Eg drap hann. Gott úrræði, sagði bóndi; mun eg gefa þjer frelsi þitt, og far með mjer. Kóngur gekk undir borð með bónda og tók til matar; en bóndi hætti þegar. Engi maður mælti við hann. Var þar allt hýrt; hagspeki þótti honum þar á öllu. Síðan fóru þau til svefns. Kona kom til kóngs og mælti: Mun eigi það ráð, að þú þiggir beina af mjer? Hann svaraði: Hjer horfir vænt, er þú vilt tala við mig, þvíat hjer eru dauflig hýbýli; en hvað

L. mælti: þetta horfir vænliga, að þú vilt mæla við mig, og er hjer undarligur háttur; eða hvað heitir þú? sagði kóngur. Hún mælti: Eg heiti Snotra, og em eg dóttir kallsins Gillings og kellingarinnar Tötru, en systir mín
 5 heitir Hjötra og Fjötra, en bræður mínir heita Skafnartungur, Heimsigull og Fjölmóður. Hjer eru á bæ vorum Gillingshamar og ætternisstapi, og fyrir það heitir það svo, segir hún, að þar er ofan fyrir gengið, þegar að verða nokkur fádæmi, þau sem ei hafa fyr til borið í vorum
 10 minnum. Og munu mín eldstu syskin týnast fyrir það, að þú ert hjer kominn; því það er ekki vani, að hjer komi gestir, og munu þau ganga fyrir ætternisstapa. Kóngur sagði: þú ert hjer málfimust af fólki, og muntu hafa vilja mína hollustu, því eg sje, að þú ert mær. Og
 15 skaltu sofa hjá mjer í nótt og sjá, fyrir hvern veg af reidir. Allt fer að einu, sagði hún, og svo gjörði hún, sem kóngur vildi. Um morguninn snemma stóð kóngur upp og mælti: þig kveð eg að þessu, Skafnartungur, að eg gekk til bæar ykkar skólaus. Og vil eg skó af þjer
 20 þiggja. Hann svaraði öngvu, en fjekk honum skó og dró úr þvengina. Síðan bjóst kóngur í burt, og leiddi Snotra hann á götu. Hann bauð henni með sjer að fara; því mik grunar, að nokkuð muni hafa gjörst í okkrum fundi; og ef svo er, að

E. . . . í þeirra minnum. Ok nú munu þau týnast, er þú ert
 25 hér kominn; þvíat hér eru engi dæmi til þess at menn komi; ok munu þau ganga fyrir ættarstapa. Gauti sagði: þú sýnir mér hér mesta dygð, ok fyrir því skaltu hafa mína hollustu. Hun segir: Sé ek, at þú ert merkismaðr; verðr þá nú eigi fyrir öllu sét. Sofa af um náttina, ok um
 30 morguninn mælti Gauti: þig kveð ek at þessu, Skafnartungr, ek gekk berfættr ligat til húss, ok verð ek skúa af þér at þiggja. Hann svarar engu, en gaf honum skúa ok

7. Gillingshamar] Gillingshamrar *Hs.* ætternis stapi] 1, ætterni Stapa L, ætternis stapa M. 9. *Nach* borið *beginnt das Fragment* E. 10. mín] hin M. 12. ætternisstapa] IM, ættina stapa L, *verb. in AM 203 fol.* 31 und 32. skúa] skuo *Hs.*

heitir þú? Hún svaraði: Eg heiti Snotra, og er eg K. Gillingsdóttir og Tötru, en systur mínar heita Hjötra og Fjötra, en bræður mínir heita Skafnartungur, Heimsigull og Fjölmóði. Heitir hjer fyrir bænum Gillings-hamar og ætternisstapi; og ganga þau ofan fyrir, þegar ódæmi verða,
 5 þau er eigi hafa áður orðið í þeirra minnum. Og mun faðir minn ok móðir ganga fyrir ætternisstapa, er þú ert hjer kominn; þvíat aldrei hafa hjer menn komið. Kóngur svaraði: þú ert málfim, og skaltu hafa mína hollustu; sje eg á þjer, að þú ert mær, og sje eg eigi fyrir öllu, hvörsu
 10 fer. Um morguninn mælti kóngur: þig kveð eg að því, Skafnartungr, að eg fór hingað skólaus, og vil skó af þjer þiggja. Hann svarar öngvu, en fjekk honum skó og dró úr þvengina. Þá kvað kóngur vísu þessa:

Skó tvo
 mjer gaf Skafnartungr,
 þvengjum hann þá nam;
 sjaldan verða
 naums manns
 grandalausar gjafir. 15

Síðan fór hann brott; Snotra leiddi hann á götu. Kóngur mælti: Eg vil bjóða þjer að fara með mjer, þvíat mig grunar, að af hafi gjörst í millum okkar; og ef það er

dró ór þvengina. Þá kvað Gauti vísu:

Skúa tvö
 mér gaf Skafnartungr,
 þvengjum at hann þá nam;
 sjaldan verða
 vándz mannz
 grandalausar gjafir. 25

Síðan bjóst hann í brautt ok fylgdi Snót honum á leið. Þa mælti konungr: Ek vil bjóða þér með mér at fara, þvíat mér er grunr á, at af muni gjörzt hafa nokkut okkrum fundi; ok ef þat er sveinn, þá skal heita Gautrekr.

10. öllu] *danach ein Wort herüberschrieben, doch nicht lesbar; enn?* 25. skúa] skuo *Hs.*

L Þú sjert með barni og sje það sveinn, þá skal það Gautrekur heita. Hún sagði, að svo skyldi vera; en heim verð eg að fara aptur, því eg vil ei af sitja erfðum eptir syskin mín; því þau ganga öll fyrir ætternisstapa. Síðan hvarf 5 hún aptur.

2. Og er hún kom heim, sat Gillingur, faðir hennar, yfir fjárlut sínum og mælti: Mikil undur hafa hjer orðið, að mig hefur maður gist, og skal eg ganga því í dag fyrir ætternisstapa, og vil eg áður skipta tje með börnum mínum. 10 Skal Skafnartungur hafa fyrst uxann góða, en Fjölmóður gullhellur mínar, en Heimsigull korn allt. Fjölmóður skal eiga Fjötru, systur sína, en Heimsigull Hjötru, en Skafnartungur Snotru. En við Töttra og þræll okkar skulum ganga á Gillingshamar og svo fyrir ætternisstapa; 15 er oss ekki líft lengur við þessi tákynsl, og má eg ei launa þrælum betur, er hann drap hundinn. En þjer hugsið um það, að láta ekki fjölgast lið yðart, svo að þjer megið fá haldið örfunum fyrir fjölskyldu sakir. Síðan leiddu þau föður sinn og móður og þrællinn fyrir ætternisstapa, 20 og bjuggu þar eptir síðan. Þau spýttu að sjer vaðmálum, að ekkert þeirra kæmi við annað bert, og svo hvíldu þau. Þá grunaði Snotru, að hún var ei kona ein-

E. Hun sagði: Þat er líkara, at eigi hafi til einskis orðit fundrinn; en eigi má annat, en ek fari heim, ok vil ek 25 eigi sitja af arfinum, er þau ganga fyrir ættarstapa í dag. Konungr dregr þá gullhring af hendi sér ok gefr henni ok biðr hana þat bera til jarteigna, ef henni sýndizt hans at vitja. Ok eptir þat fór hun heim apr.

2. Ok er hun kom apr, sat Gillingr, faðir hennar, 30 yfir fjármunum sínum ok skipti arfi með börnum sínum

4. ætternisstapa] *AM 203 fol. und 1*, ættina stapa LM. 6. *Der Absatz nur in E.* 9. ætternisstapa] ættina stapa LM, *AM 203 fol.*; ættmanna stapa l. 14. Gillingshamar] *AM 203 fol. und 1*, Gillis hamar LM (*in L mit anderer Tinte gebessert*). 14—15. ætternisstapa] *wie Z. 4.* 19. ætternisstapa] *AM 203 fol. und 1*, ættarnes Stapa (*doch verbessert*) L, ættina stapa M. 29. Gillingr] Gyllingr *Hs.*

sveinn, þa skal Gautrekur heita. Hún svarar: Eigi má K. það örvænt kalla, að eigi hafi til engis orðið fundirnir; en heim mun eg fara nú fyrst, og vil eigi sitja af arfi mínum eptir föður minn; þvíat þau ganga í dag fyrir ætternisstapa. Síðan fór hún heim. 5

2. Þá skipti faðir hennar fjárlutum sínum og mælti: Undur mikil hafa hjer orðið, Heimsigull, er mig hefur maður gist, ok skal eg ganga fyrir ætternisstapa. Skal Skafnartungur hafa uxann hinn góða, en Fjölmóði gullhellurnar, en Heimsigull allt korn. Fjölmóði skal eiga 10 Fjötru, en Skafnartungur Snotru, Heimsigull skal eiga Hjötru, systur sína. En við Töttra, kona mín, skulum ganga fyrir ætternisstapa og þrællinn með okkur; þvíat eigi er oss líft eptir undur þessi er hafa orðið; kann eg eigi að launa betur þrælum, er hann drap hundinn, en hann 15 fari með okkur. Er það, að hjer kemur svo mikill mannfjöldi, að þau njóta ekki arfs síns fyrir fjölskyldu. Síðan leiddu þau föður sinn og móður fyrir ætternisstapa og þrællinn. Þau bjuggu nú þar eptir öll systkin. Spýttu þau að sjer vaðmál, svo þeir skyldu eigi koma við þær. 20 Nú fer þessu fram um hrið, og sem Snotra fann það, að

ok mælti: Undr hafa hér orðit, er oss hefir maðr gist, E. ok vil ek ganga ættarstapa, ok vil ek skipta fé með yðr börnum mínum. Skipti ek uxa hinum góða til handa Skafnartungi, en Fjölmóðr skal hafa gullhellur tvær, Imsigull skal hafa korn allt. Fjölmóðr skal eiga systur 25 sína Fjötru, en Imsigull Hjötru, en Skafnartungur Snot. En vér kona mín ok þræll munum ganga fyrir ættarhamar; þvíat oss er eigi líft við kynsl þessi, ok má eigi þrælum launa hall(d)kvæmligar, er hann drap hundinn. 30 Búið ok svó um, at þér fjölgið eigi lið yðvart til þess, at þér halldið eigi arfinum fyrir fjölskyldu sakir. Síðan leiddu þau föður sinn ok móður fyrir ættarstapa, en þau bjuggu eptir síðan. Spýttu þau at sér vaðmál, at eigi kæmi þeir við þær berar, ok svó hvíldu þau. Ok nú grunaði Snot um sik, at hun mundi eigi fara kona einsaman, ok varð

L. sömul; henni varð það fyrir, að hún þokaði spýtnum í vaðmálinu og náði hendi Skafnartungs og lagði við kinn sjer og ljet, sem hún svæfi. Hann vaknaði og mælti: Nú horfist heldur óvænt efni í; hef eg þjer ekki grand gjört?

5 Hún mælti: Ekki er við það að dyljast, og leyn þú því, eg er með barni. Stór býsn gjörast nú, sagði hann, og skal eg segja bræðrum mínum. Síðan kom þar til sveinbarn; þá kómu að bræður hennar og mæltu: Allt vill nú steypast vort ráð, og er þetta mikið lagabrot. Skafnartungur svarar:

Heimskliga
vildi mjer til,
að eg kom við konu kinn;
lítið efni
til lýða sona,
og af því varð hann Gautrekur getinn.

þeir kváðu hann ei mega um kunna, því hann kvaðst ei viljað hafa gjört. En hann kvaðst ei vilja við dvelja að ganga fyrir ættarnisstapa; því talin væri minni undur;

E. henni þat fyrir, at hun þokaði spýtnuni, er saman var spýtt vaðmálit, ok náði hendi Skafnartungs ok lagði á kinn sér, en hun lét, sem hun svæfi. Hann vaknaði þá ok mælti: Hér er komit í óvænt efni, ef ek hef þér nokkvat mein gjört, eðr hversu er? Hun sagði: Ekki má þess þræta. Hann sagði: Þá slær í stór vandræði ok í endimi. Ok brátt eptir kom þar til sveinn. Skafnartungur mælti:

1. henni] IM, hafði L und AM 203 fol. spýtnum] spýta M. 4. horfist] horfir (nachher fehlt i) M. 9. mikið] i, mikil LM. 18. hann] AM 203 fol. und i; fehlt LM. vilja] M, skyldi L. 19. ættarnisstapa] ættina stapa M.

hún fór eigi einsaman, þá varð henni það fyrir, að hún K. þokaði spýtnuni úr vaðmálinu, er spýtt var með, og náði hendi Skafnaurungs, bróður síns, og ljet koma við kinn sjer og ljet síðan, sem hún svæfi. Hann vaknaði við og mælti: Hjer horfir óvænt, ef eg hef gjört systur minni 5 grand, eður hvörsu er þjer háttað, systir? Hún vaknaði við og mælti: Eigi er það að dylja, að eg er með barni. Skafnaurungur mælti: Hjer slær í stór endimi, og mun þetta ekki mega leynast. Og er stundir liðu fram, kom þar til sveinbarn og var kallaður Gautrekur. Þá mælti 10 Skafn(aurungur): Stór býsn gjörast hjer hvor að öðrum, og skal eg fara eptir bræðrum mínum. Þeir kvomu þar skjótt. Skafnaurungur mælti: Glutrast vill nú vort ráð mjög, og eru þetta mikil undur og ódæmi og lagabrot. Því hefir svo orðit, bróðir? sögðu þeir. Skafnartungur 15 kvað þá vísu:

Bendi eyk
glæráða heimsliga,
þá er kom við kinn konu;
lítið lif
kveði til lýða þurfa,
af því var hann Gautrekur getinn.

þeir kváðu þau eigi mega um kunna, er þau vissu eigi. Skafn(artungur) kveðst vildu ganga fyrir ættarnisstapa og bíða eigi fleiri undra. þau báðu hann láta um líða. Það 25

Stór býsn er þetta, ok skal nú fara eptir bræðrum E. sínum. Nú kómu þeir þar ok mæltu: Allt vill nú glutrazt ráðit, ok er þetta allmikit lagabrot. Hann kvað þá vísu:

Hendi minni
ek glataða heimskliga,
þá er ek kom við kinn konu;
lítit lif
þat kveða lýðir vera,
en af því var þó Gautrekr getinn.

þeir kvóðu hann eigi mega um þetta kunna, er hann villdi 35 eigi. En hann kvazt mundu ganga fyrir ættarstapa ok kvað

L. og fór hann svo sinn veg. Fjölmóður sat að fje eitt sinn og hafði með sjer gullhellur sínar og sofnaði; en er hann vaknaði, voru tveir sniglár komnir upp á gullhellurnar hans. Honum sýndist dala eptir, þar sem þeir skriðu, ok
 5 þverra gullið; hugaði hann, að þeir mundu eta upp fyrir sjer hellurnar. Hann mælti þá: Ekki skal eg bíða meiri undra; mun það ekki gott, að koma snauður og fátækur til Valhallar til Óðins kóns, og er best að fara áður, en allt fje dregur úr höndum mjer. Hann kemur til bróður
 10 síns og segir honum þetta, að Strútfuglar ætlað hafi að eta gullhellur sínar. Hinum þótti mikið um; og fór Fjölmóður svo sinn veg.

það er sagt, að Heimsigull gekk um akra sína hvern morgun. Hann sá, að fugl, sá sem spör heitir,
 15 henti korn úr axi; hann kvað það vera spjöll, er spör gjörði; það mun okkur fá trega Hjötru vinkonu. Síðan fóru þau fyrir ætternisstapa.

E. talin smærri kynsl. En Snót bað hann eigi þat gjöra; ok svó var.

þat er sagt einn dag, at Fjölmóðr sat hjá fé sínu ok sofnaði, ok vaknaði við þat, at sniglar tveir settuzt á gullhellur hans. En honum þótti gullit dökkna ok dala í eptir ok eigi allkítt þverra. Þá mællti hann: Eigi er gott at koma snauðr til Óðins, ok er gott at fara fyrri en allt dragi ór hendi; ok man ek eigi slíka fjárauðn fyrr á minni
 25 lífs æfi síðan fyrir sjau vetrum, er faðir minn gekk fyrir ættarstapa; ok segir nú bræðrum sínum, at skipta skal arfinum, ok kvað þetta:

Slíkir fuglar
 30 átu steina fyrir,
 nú vill oss hvetvetna hata.

10. Strútfuglar] strútfugur M. 15. vera] M, var L, voru l. 17. ætternisstapa] AM 203 fol. und l, ættina stapa LM.

var síðar einn dag, að Fjölmóði sofnaði; en er hann K. vaknaði, þá höfðu tveir sniglar skriðið upp á gullhellurnar. Honum þótti hellurnar dala við, er sniglarinir skriðu um; það þótti honum svo fjárauðn, að hann þóttist alldrei fyrir slíkum orðið hafa. Hann kvað þá visu:

Allar vættir,
 er í jörðu búa,
 vilja Fjölmóðar fé fara;
 gulli mínu
 er þeir glutruðu,
 5 skal at því eigi lengi lifa.
 Stór—sniglar
 átu steina fyrir mjer,
 vill oss því hvorvetna hata.

Enda man ek eigi slíka fjárauðn á minni æfi, ef þessi hinu 15 litlu kvikindi skulu eta upp alla eigu mína. Nú er ráðligt, að eg fari eigi snauður til Óðins; en eg veit víst, að skjótt dregur úr hendi, ef þessu fer fram. Síðan sagði hann bræðrum sínum, að hann vill af höndum láta það sem í fémunum var. Síðan fór hann ok kona hans
 20 fyrir ætternisstapa. Þess er getið einn dag, að Heimsigull vinnur akur sinn, sem hann er vanur; þá sá hann, að spör einn sat í akrinum og hafði haft korn eitt úr akrinum og kvað þetta:

það var spjell(?),
 25 er spör um vann
 akri Heimsiguls;
 axi var skatt

Eptir þat fór hann fyrir ættarstapa ok kona hans. Einn E. tíma er þat enn sagt, at Imsigull gekk úti um akra
 30 sína. Hann sá, at fugl einn sat á akrinum, sá er spörr hét; hann hafði hent korn ór axi; þá kvað Imsigull:

þat var spell,
 er spörr of vann
 á akri Imsiguls;
 axi var skatt,

L. Gautrekur var þá sjö vetra gamall og sá uxann góða, er Skafnartungur hafði átt. Honum varð það, að hann lagði hann spjóti til bana. Fór Snotra með son sinn til Gauta kóngs, og tók hann vel við honum. Þessi Gautrekur hefur verið kallaður ágætastur allra fornkónga, og hafa menn stórar sögur frá örleik hans. Gauti kóngur andaðist, en Gautrekur tók ríki eptir hann í Gautlandi; og hefur hann verið örvastur af fje, þessi Gautrekur kóngur, jafnt við ríka sem óríka.

10 3. Neri hjet jall, er var í Gautlandi. Hann var ríkur maður og vitur, svo að ei fjekk annan slíkan. Allir þeir menn, sem kómu til hans og beiddu hann nokkrar tillögu um sín mál, þá varð það allt að ráði, er hann lagði til. Alldrei vildi hann fje þiggja, því hann 15 vildi öngvu launa fyrir síngu sakir. Reimir hjet bóndi, sem bjó í Reimsey. Hann átti konu og son, þann sem Refur hjet. Refur var ungur og lagðist í eldaskála og beit hris og börk og kynti elda; hann var mikill vexti og þvóði alldrei saur af sjer. Frægur var hann þó af 20 öngvum snoturleik nje frama. Bóndi unni lítið syni sínum. Reimir bóndi átti einn góðan grip, og það var uxi; enginn var slíkur í landinu bæði á vöxt og alla fegurð; rist voru hornin, en rennt gulli í skurðina og í stíklana; ein stór silfurfesti var í millum hornanna og 25 þrjú gullbringar á stórir. Það var einn dag, að Reimir bóndi gekk um eldaskála, að hann rasaði um Ref, þar sem hann lá flatur við öskustóna. Reimir mælti: Mikið

E. ór var korn numit,
 þat man æ Tötru of trega.

30 Síðan fóru þau fyrir ættarstapa. Nú bjuggu þau Skafnartungur ok Snót eptir, þar til er Gautrekr var tólf vetra gamall. Ok einn tíma, er Gautrekr var úti, lagði hann spjóti í gegnum uxann Skafnartungs, ok dó hann. Ok er Skafnartungur sá þat, mælti hann: Eigi er nú lengr

15. Reimir] so wohl alle Hss. für Rennir.

úr var korni numið, K.

það mun Tötru mög tregast.

Er engi von, að eg biða undra fleiri, og vil eg ganga fyrir ætternisstapa í dag; og svo gjörði hann. Þá var Gautrekur sagður sjö vetra, er þetta var tíðinda. Einn 5 dag var hann útistaddur og sá uxann Skafnaurungs; hann lagði uxann í gegnum með spjóti. Er það sögn manna, að móðir hans hafi eggjað hann að drepa uxann, að Skafnaurungur mundi þá fyrir fara sjer, en þau Gautrekur mundu njóta gulls og gersima. Fór það svo, að Skafnar(t- 10 ungur) gekk þegar fyrir ætternisstapa, er hann sá, að uxinn var drepinn. Eptir það búast þau mæðgin í brott og hætta eigi fyr, en þau kvomu til Gauta kóngs. Hann tók forkunnarvel við þeim. Þessi Gautrekur var síðan kallaður Gautrekur hinn mildi og ágætastur fornkónga af 15 sinni mildi og örleik. Hann tók ríki eptir föður sinn í Gautlandi. Hjer á nú við sagan af Hrólf, syni þessa Gautreks hins milda, þó hún sje hjer ekki sett.

viðsæmanda, ok skal ek fara fyrir ættarstapa. Síðan fór E. hann leiðar sinnar; en Snót ferr með Gautreki til hirðar 20 Gauta konungs, ok tók hann allvel við þeim. Þessi Gautrekr var síðan kallaður Gautrekr hinn mildi, er ágætaztr hefir verit fornkönunga; ok menn kunna margar sögur af hans örleik. Hann tók ríki eptir feðr sinn á Gautlandi. 25

3. Í Gautlandi var einn jarl, sá er Neri hét. Engi maðr var honum vitrari í öllu Gautlandi. Hann þá all dri gjafir, þvíat hann villdi engu launa fyrir síngu sakir. Rennir hét bóndi; hann bjó í Rennisey. Hann átti konu ok son, þann er Refr hét. Hann lá í elldahúsi ok reif 30 hris ok jók elda; hann var harðla mikill ok litt klæddr. Frægr var hann af mikilli heimsku; þar fyrir hafði hann litla blíðu af feðr sínum. Bóndi átti einn grip góðan; þat var uxi, sá er engi var líkr þeim í öllu ríkinu at fegrð ok at öllum vexti; gullzlitr var 35 á hornum hans. Ok einn dag er Rennir bóndi gekk

L. Óhapp er að slíkum syni, og vertu í burtu sem fjótast. Refur sagði: það mun þjer þikja makligast, að fari hvorutveggju gripirnir úr eigu þinni, uxinn, sem þjer þikir bestur, og eg, sem þjer þiki vestur. Reimir játaði
 5 því. Síðan stóð Refur upp og hristi höfuðið; tók síðan uxann góða og leiddi eptir sjer og gekk í burtu í stuttum feldi og hökulbrókum. Ei höfðu menn sjöð fegra naut eða betur búíð. Hann nálgast höll Gautreks kóns; þar voru menn úti og sáu ferð hans og mæltu:
 10 Hjer fer Refur Reimisfífl með uxann góða og mun ætla að gefa kóngi. Nú hlaupa menn inn í höllina og segja kóngi. Kóngur bað þá ekkert gys gjöra að hans ferð. Refur kom til kóngshallar og gekk ekki fyrir kóng og var þar um nótt. Að morgni bjóst hann snemma;
 15 hjer brást mönnum mikið í því um gjafirnar Refs. Síðan snýr Refur á þá leið, sem hann vissi að lá til hallar Nera jalls landvarnarmanns kónsins. Þar voru menn úti á leikvelli; þá mæltu þeir: þar fer Refur afganginn með uxann dýra. Síðan kom Refur að hallardyrum og mælti:
 20 Biðji þjer jallinn út ganga! þeir sögðu: Ekki lætur þú mikið af heimskunni, og er jall ekki vanur að slá sjer til tals við hvern þorparann. Komi þjer orðum mínum til hans, sagði Refur, en hann ráði svörunum. Síðan fóru þeir og sögðu jalli, að Refur væri kominn, og biður
 25 yður að ganga út. Jall sagði: Eg skal að vísu hitta hann, því ei veit, með hverri heill hver kemur. Jall gekk út og kvaddi Ref; hann tók því vel. Jall mælti: Hvað býr undir komu þinni? Refur sagði: Eg vil gefa þjer uxa þennan, sem eg leiði hjer. Jall sagði: Hefur
 30 þú ekki frjett áður, að eg vil öngvar gjafir þiggja? því eg vil öngvar launa. Refur sagði: það fer sem má. því gafstu hann ekki Gautreki kóngi? sagði jall; því hann er manna örvastur af fje; eða komstu þar ekki? þar kom eg víst, sagði Refur; þetta er aleiga mín, og

3. hvorutveggju] hvorutveggja L, hvorutiggu M. hvortveggja l. 10. Reimisfífl] Reimirsfífl Ll, fífl M. 20. út ganga] M, útgangi L. 23. ráði] M, ræður L. svörunum] svörum sínum M.

ann eg öngvum betur að njóta en þjer, hversu sinkur L. sem þú ert sagður. Litlu mun eg launa þjer, sagði jall, en þó mun eg fá þjer klæði, svo skammlaust sje. Síðan voru dregnir af honum hans vondu tötrar og færður í skammlaus klæði, og var Refur þá hinn drengiligasti maður. Hann var þar um hríð; þá mælti jall: Eigi læt
 5 eg menn hjer svo lengi vera, að þeir starfi ei nokkuð. Nú skaltu fara til Gautreks kóns og skalt færa honum heinarbrýni þetta að sölu. Refur sagði: Ekki er eg vanur að fara manna í milli, því eg sje ekki, hvað þetta skal. Jall mælti: Ekki þyrfti að geta vitsmuna minna, ef eg
 10 sæa ekki lengra fram en þú, en engin framaraun mun þjer í verða, að finna kónginn, því þú skalt ekki við hann mæla; því mjer er sagt, að kóngur sje löngum á haugi og beiti haukum sínum; og er á líður daginn, lest haukurinn. Þá lætur kóngur sveima höndina hjá stólnum,
 15 og stattu á baki kónsins. Og ef svo ber til, að kóngur fær ekki til að kasta til hauksins, þá stíktu brýninu í hönd kóngi, en taktu við, ef nokkuð er látið í hönd þjer. Síðan fór hann og kom að haugi kóns, og fór svo sem jall gat til, að kóngur fleygði öllu til hauksins því sem
 20 hann fjekk til. Refur settist niður á baki kóns. Kóngur rjettir þá höndina á bak sjer aptur. Refur stingur brýninu í hönd kóngi, en kóngur kastar brýninu á bak haukinum, og fló hann þegar snart upp. Kóngi þótti nú vel sigrast hafa og vildi ei, að sá sæti sjer í mein, sem honum fjekk
 25 brýnið, og rjetti á bak sjer gullbaug og sá ei til hans. Refur tók við og fór heim og hitti jall. Hann spurði, hversu farist hefur. Refur sagði: Herra, ei var setan ónýt. Sje eg, að þetta er góður gripur, segir jall. Þar var Refur um veturinn; en um vorið mælti jall: Hvað
 30 skaltu nú að hafast, Refur? Refur mælti: Mun ei ráð að

3. skammlaust] M, skammlaus L. 6. maður] *fehlt* LM, *eingesetzt nach 1 und* Ab. 11. vitsmuna] vismuna M, vissinda (=vísinda?) L. 12. sæa] M, sæi L. 15. daginn, lest] dæginn, lest M, dælist L, dælest AM 203 fol., l. 26. ei] *hier in* M, *hinter* sæti L. 28. spurði] spurðist L, *das Richtige schon* AM 203 fol., l.; spyr M.

L. selja bauginn til lausafjár? Jall mælti: Til mun eg enn hlutast með þjer; kóngur heitir Ella, er ræður fyrir Eng- landi; honum skaltu gefa bauginn, og mun þjer það ei verða frá fje; en kom til mín á hausti, því mat og ráð mun eg ekki spara við þig, þótt engin verði uxalaunin. Refur sagði: Eigi vilda eg, að þú gætir þess.

4. Síðan fór Refur til Englands, kom fyrir kóng og kvaddi hann; Refur var þá sæmiliga búinn. Kóngur spyr, hverra maður hann væri. Refur heiti eg, herra, sagði hann, og vil eg, að þú þiggir gullbaug þennan, og lagði á borð fyrir kóng. Hann mælti: Þetta er mikil gersimi, eða hver gaf þjer? Gautrekur kóngur, sagði Refur. Hvað gafstu honum? Eitt heinarbrýni, sagði Refur. Mikið er um örleik Gautreks kóngs, sagði Ella kóngur, að hann gaf gull í móti grjóti; en þiggja vil eg bauginn, og býð eg þjer hjer að vera. Refur svaraði: Aptur vil eg fara til Nera jalls, fóstura míns. Þá skaltu vera með oss nokkra stund, segir Ella kóngur. Og er menn bjuggu skip sín til fara, mælti Ella kóngur: Skip er hjer búið til Gautlands með þeim farmi, sem því er mest hentur; en það skip vil eg gefa þjer, Refur, með öllum farmi og mönnum, og er þetta þó lítið hjá því er Gautrekur kóngur gaf þjer fyrir eitt heinarbrýni. Stórlig eru slík laun, sagði Refur. Síðan fór hann á skip sitt með nógum föngum og þakkaði allvel kóngi. Kóngur mælti: Tak við rökkum tveim; þeir eru harla litlir og fagrir. Öngva hafði Refur slíka sjeð; viðjarnar á þeim voru af gulli, og sinn gullhringur um háls hvorum þeirra, og sjö smáhringar á festinni; ei þóttust menn hafa sjeð slíkar gersimar. Síðan fór hann í ríki Nera jalls. Gekk hann í móti honum og bað hann velkominn: og far til vor. Refur sagði: Eg hefi nóg að leggja fyrir oss. Vel er það, sagði Neri jall, en ekki skaltu af kaupeyri þínum skerða; á voru gótsi skaltu fram færast og þínir menn, og eru þó ekki mikil

7. *Der Absatz nach* M. 9. hverra] hvaða M. 22. er(2)] l, *fehlt* LM. 32. nógl] M, nokkuð L. 33. kaupeyri] kaupeyrir LM. þínum] LM, þínu L. *AM 203 fol.* 34. fram færast] fram fæðast M.

uxalaunin. Var nú Refur með jalli um veturinn með L. öllum sínum mönnum. Um vorið mælti jall við Ref: Hvað skaltu nú að hafast? Refur mælti: Nú er allt hægt um hönd: fje skortir ei, þó að menn vilji ráðast í viking eða kaupferðir. Jall sagði: Enn mun eg verða að hlutast til með þjer; þú skalt fara til Danmerkur til Hrólfs kóngs kraka og færa honum rakkana, því þeir eru ekki ótígins manns eign, og mun enn ei frá fje vera, ef hann vill þiggja. Refur mælti: Þú skalt ráða, en ei er mjer fjefátt. Síðan bjóst hann og lætur í haf og siglir til Danmerkur, finnur Hrólf kóng og kveður hann. Kóngur spyr, hver hann væri. Eg heiti Refur, sagði hann. Kóngur sagði: Ertu Gjafa-Refur? Þegið hef eg gjafir af höfðingjum, sagði Refur, og þó gefið enn stundum. Rakka þessa inu litlu vil eg gefa þjer með sínum búnaði. Kóngur leit hundana og mælti: Slíkt eru gersimar, eða hver gaf þjer? Refur sagði: Ella kóngur. Hvað gafstu honum? Gullbaug einn. Hrólfr kóngur spurði: Hver gaf þjer hann? Refur sagði: Gautrekur kóngur. Kóngur sagði: Mikill er örleiki slíkra manna; eða hvað gafstu honum? Eitt heinarbrýni. Kóngur sagði: Mikið er um mildi slíkra, að gefa gull við grjóti; en þiggja mun eg rakkana, og vertu með oss. Refur sagði: Aptur mun eg að hausti til Nera, fóstura míns. Kóngur mælti: Svo má vera. Var Refur nú með kóngi um hrið. Þá býr Refur skip sitt. Kóngur mælti: Laun hefi eg ætlað þjer; skip skaltu af mjer þiggja svo sem af Englands kóngi, og skal vera af hinum besta farmi og mönnum. Refur mælti: Hafði mikla þökk, herra, fyrir stórmannliga gjöf; og bjóst Refur síðan. Kóngur mælti: Hjer eru tveir hlutir, er þú skalt enn af mjer þiggja, þat er hjálmur og brynja. Refur tók við gripunum; þeir voru af rauðagulli báðir. Eptir það fór Refur heim til Nera jalls og stýrði þá tveimur skipum. Jall tók honum vel og mælti: Farið til vor sem fyr. Mun þjer eg þikja hlutsamur, en ei hæfir mjer að spara orðin mín til gagns

4. skortir] M, skortar L. viking] M, víkingu L. 10. lætur] leitar M. 22. vertu] M, vert L. 28. þökk] l, þökk fyrir L, *andere Wendung* M. Palaestra. XI. 5

L. þjer. Refur sagði: þín nýt eg að öllu þessu og þíns tilstillis; og var Refur þar enn um veturinn.

5. Nú er af Gautreki kóngi að segja, að hann stýrði vel sínu ríki. Margir voru hans ráðanautar. Hrosskell hjet maður, vinur kóngs. Kóngur átti einn ágætan stóðhest; hann var grár að lit; eitt merhross var með hestinum silkibleikt og svo fagurt, að ei fjekk vænra. Það var eitt haust, að kóngur bauð Hrosskeli til sín og gaf honum stóðhrossin, og skildust góðir vinir. Haraldr hjet kóngur, hann rjeð fyrir Vinlandi; hann var vitur og ekki mikill bardagamaður; hann átti dróttning og dóttur eina, er Álfhildur hjet, kvenna fríðust, en ekki vitur. Gautlands kóngur bjó ferð sína eitt sinn til Vinlands og biður dóttur Haralds kóngs. Því var vel svarað, og fjekk hann hana og flytur hana heim til Gautlands. Þau áttu eina dóttur, er Helga hjet; hún var vitur og vel mennt og in vænlígasta. Gautrekur kóngur stýrir nú vel ríki sínu með heiður og sæmd og sóma. Nú er þar til að taka, sem Refur var með Nera jalli. Og er hann hafði þar verið um stund, þá spyr jall, hvað hann vildi nú að hafast. Refur segir: Ei er nú fjefátt. Eg hygg það satt vera, segir jall; en ein er sú ferðin, er eg ætla fyrir þig að leggja. Kóngur heitir Ólafur, hann liggur í hernaði og hefur átta tigu skipa; hann er úti vetur og sumar á sjó. Honum skaltu færa hjálminn og brynjuna, og ef hann þiggur, þá vænti eg, hann biðji þig kjósa laun fyrir; og þú skalt kjósa að ráða fyrir skipum hans og liði upp í mánuð, og halda þangað sem þú vilt; en maður er sá með kóngi, er heitir Refnefur; hann er óþokkamaður og grimmur; hann er ráðgjafi kóngs; en það sje eg trautt, hvort meira má gæfa vor eða trollskaþur hans, en þar mun þó verða til að hætta, hvern veg sem verður. Skaltu halda öllu liðinu í stóðrennur minar, og mun eg þá enn verða að ráðast, hvort eg get launað þjer uxann góða.

35 Refur mælti: Opt þiki mjer þú það mæla, og er hann

3. Absatz nach L. 11. dróttning] M, dróttningu L. 18. Nú] damit beginnt ein Absatz in M.

borgaður fyrir löngu. Síðan bjóst Refur til að leita Óláfs L. sækóngs og fann hann um síðir með öllum flota sínum. Hann sigldi að kóngsskipi og kvaddi kóng. Hann spyr að, hver hann sje. Refur heiti eg. Ertu kallaður Gjafa-Refur? Svo er vist, herra, sagði Refur, að eg hefi bæði þegið gjafir og gefið; en tvo gripa vil eg gefa þjer; það er hjálmur og brynja, ef yður þikir hæfa yðvarri tign gripirnir. Hver gaf þjer slíka gripa? Því eg hefi ekki sjeð aðra jafngóða og ekki spurn af haft, og hef eg þó um flest lönd farið. Refur sagði: Hrólfur kóngur gaf mjer. Hvað gafstu honum? Rakka tvo. Hver gaf þjer þá? Ella kóngur. Hvað gafstu honum? Refur sagði: Einn gullbaug. Kóngur mælti: Hver gaf þjer hann? Gautrekur kóngur. Hvað gafstu honum? Refur sagði: Eitt heinarbrýni. Kóngur sagði: Mikið er um örleik slíkra kónga, eður hvort skal eg þiggja gripina, Refnefur? Refnefur sagði: Ei þiki mjer ráð, að þú þiggir gripina, ef þú hefur ei vit til að launa. Og í því þrifur Refnefur gripina og hleypur fyrir borð með. Þetta sjer Refur, að skjótt mun hann illa leikinn, ef svo fer. Refur fer eptir honum, og er þeirra aðgangur inn harðasti, en svo lýkur, að Refur náir brynjunni, en Refnefur hefur hjálminn og trylldist á grunnum niðri á honum. En er Refur kom upp, þá var hann máttfarinn; þá var þetta kveðið:

Ráð þótti mjer	K. Ráð þótti mjer	25
Refnefs vera	Refnis vera	
þeim ólík,	heldur ólík þeim	
er Neri kenndi;	er mjer kenndi;	
varp ei sinn	verpi hann sínu	
úr sjó fjekk	á sæ út fje,	30
gullbaug er gaf	gullbaug er gaf	
Gautrekur Ref.	Gautrekur kóngur Ref.	

Kóngur mælti: þú ert göfugur maður. Refur mælti: Eg

16. gripina] M, fehlt L. 23. trylldist—honum] legst á hann og tryllist á grunni niðri K; vgl. die Einl. S. XII. grunnum] LM, grunninu AM 203 fol. chart. und l. 25—32. Die Herstellung der Str. s. S. 45. Zur Fassung von K vgl. die Einl. S. XII. 32. Gautrekur] M, Gautrek L. 5*

L. vil, að þú þiggir þennan gripinn, sem eptir er. Kóngur kveðst víst þiggja vilja og kunna honum þó jafna þökk fyrir, svo sem hann hefði þegið báða; og var það missýni, að eg þá ei báða í fyrstunni; en það má undrast, að eg hlýdda 5 ills manns ráði, og kjóstu þjer laun fyrir. Eg vil ráða skipum þínum og liði í mánuð og þú skyldur að halda þangað sem eg vil. Kynlig laun, segir kóngur, en til reiðu skal þetta. Síðan hjeldu þeir til Gautlands og í ríki Nera jalls og kómu þar síðla dags. Jall hefur frjett af ok fer að hitta Ref og mælti: Nú er þar komið, 10 fóstri, að í efnunum er, hvernin tekst; ertu giptumaður mikill. Refur sagði honum söguna. Slíks var mjer að von, sagði jall; en næst er við finnustum, þá bregðstu ekki ókunnugur um það sem eg mæli, og andstefna eptir því sem eg bý í hendur þjer. Jall fór í burt og kom til 15 Gautlands kóngs um miðnætti og gekk þegar í herbergi kóngs; og var honum það leyft. Kóngur sprettur upp og fagnar jalli og spurði, hvað tíðinda væri, að hann væri á fótum um nætur. Jall sagði: Her er kominn í ríki yðvart og ætlar 20 að eyða landið. Kóngur spyr: Hver er höfðingi fyrir? Jall sagði: Refur, vinur vor, sá ei er vænstur til friðar. Kóngur mælti: Mun ei gott ráð að safna liði? Jall sagði: Ei er það til; því þeir munu áður hafa unnið mikið ríki, því þeir hafa ótöluligan lýð og stýra átta tígum skipum 25 og tveimur betur. Nú vil eg heldur fara með sæmiligum boðum og vita, hvort ekki mætti draga til sætta, því mitt ríki liggur fyrst við. Kóngur mælti: Vjer höfum lengi þínum ráðum hlýtt. Síðan fóru þeir og nálgudust skipin. Þá mælti jallinn: Hvort er Refur formaður fyrir skipunum? 30 Svo er, sagði hann. Jallinn mælti: Skal nokkuð mega tjá að leita, að friður verði í landi þessu og sje yður boðin sæmilig boð? Það skal þiggja, segir Refur. Jall segir: Þá veit eg, að þú munt mikils krefja, og er það ei und-

2. jafna] M, jafnan L. 4. þá] M. þáði L, þáða AM 203 fol. und l. 13. finnustum] finnunstum AM 203 fol., finnunst M. 15. bý] AM 203 fol., IM, býð L. 28. hlýtt] hlítt L, fylgt M.

og þjer skyldir að halda þangað er eg vil. Kynlig laun, K. segir kóngur, og þó er þetta til reiðu. Og eptir það hjeldu þeir til Gautlands og í ríki Nera jarls. Jarl hitti Ref og mælti: Nú er gott í efnunum, fóstri minn, hvörsu 5 að tekst; og ertu gæfumaður. Refur sagði allt af sínum ferðum. Það var vel, sagði jarl; og skaltu eigi bregðast ókunnugur við, hvað er eg mæli, þá við finnunst næst. Síðan reið jarl og kom til Gautreks um miðnætti og gekk í herbergi kóngs. Kóngur spratt upp og fagnaði jarli ok 10 spyr tíðinda. Jarl svaraði: Her er kominn í ríki þitt og ætlar að eyða landið. Kóngur spyr: Hvör er höfðingi fyrir liðinu? Refur vinur vor, sagði jarl. Kóngur mælti: Mun eigi ráð að safna liði? Jarl svaraði: Eigi er það ráð; munu þeir þá hafa miklu eytt af landinu. Vil eg heldur 15 fara með sættarboðum, því að mitt ríki liggur næst. Kóngur mælti: Lengi höfum vjer þínum ráðum hlýtt. Síðan fór hann til hermanna. Þá mælti jarl: Hvort er Refur foringi fyrir liðinu? Svo er, sagði Refur. Jarl mælti: Skal nokkuð mega koma sættum á með yður, svo friður yrði í landinu, og væri yður boðin góð boð? Sjá munu 20 vjer þau, sagði Refur, og heyra áður. Jarl mælti: Eg veit, að mikils mun við þurfa, því að þú átt til ríkra manna að telja, en sjálfur stórlyndur. En sjá þikjunst eg, hvör þinn áhugi er; ríki mitt muntu vilja hafa og mægjast við kóng vörn og eiga dóttur hans; þá muntu 25 láta þjer líka. Refur mælti: Sjáandi fer þú eptir, og mun eg þessu játa. Jarl mælti: So lítst mjer, sem betur sje að hætta eigi til ófriðar, og giptum honum konuna; mun eg leggja til með honum ráð mín, og sje hann forstjóri ríkinu. Kóngur svaraði: Því skulu þjer eigi ráða? Jarl mælti: 30

14. eytt] eydt Hs.

L. arligt, þvíáð ríkur jall var móðurfaðir þinn. Skil eg, hvar hugur þinn mun á leika; ríki mitt muntu hafa vilja og mægð kóngs vors og eiga dóttur hans; þá muntu láta þjer líka. Refur sagði: Sjáandi geng eg eptir þessu; vil eg því játa, sem þú býður. Þá mælti jall til kóngs: Svo litst mjer, herra, að þetta eitt megi vera til friðar og spektar, að gipta honum dóttur yðra, jallbornum manni og hinnar bestu ættar; og sje hann forstjóri í ríki þínu. Kóngur mælti: Því skaltu ei ráða þessu? Því þú hefur mjer opt heilráður verið. Var þetta þá eiðum bundið; og svo tór kóngur í burt. Þá mælti Refur: Nú hefur þú, Óláfur kóngur, veitt mjer gott lið; og skaltu nú fara leiðar þinnar. Óláfur kóngur sagði: Vitskumenn eiga hjer hlut í, sem þjer eruð. Síðan siglir Óláfur kóngur í burtu. En er flotinn var sigldur, þá mælti Gautrekur kóngur: Hjer hef eg átt við brögðotta og slæga, og mun það uppi vera; en svo mun nú verða að vera. Þá mælti jall til Refs: Eg ætla nú, að hæfis sje nú margt liðið; eru nú og þínir menn einir eptir. Og þiki mjer nú ráða þurfa, að eg hafi launað þjer uxann, og hef eg þó óframar launað en þú; því þú gafst mjer alla eigu þína, en eg á eptir stóreignir. Refur tók jalldóm og fjekk kóngsdóttur og þótti inn frægasti maður að öllum hlutum; var og hans ætt af tiginbornum mönnum. Refur stýrði þessu kóngsríki og varð ekki gamall. En Neri jall varð bráðdauður skjótliga og dróttning Gautreks kóngs; og var drukkið erfi eptir þau. Gautrekur kóngur var ágætur maður af örleik sínum, en ekki var hann vitur maður. Hann var allra manna vinsælastur og stórgjöfull. Hann var hniginn þá á efra aldur. En eptir fráfall dróttningar eggjuðu kónginn menn hans að fá sjer dróttningar; Gautrekur kóngur tók því vel og bjóst heiman með átta tigu manna velbúnna.

1. ríkur] *nach der längern Fassung eingesetzt*, Reimir L; Refur M. 7. yðra] yðar *Hss.* 8. hinnar] M, ens L. 17. nú—vera] M, vera verða L. 18. að—nú] 'ofor hæfiz' sje M. 20. óframar] offramar M. launað (2)] *nach der längern Fassung eingesetzt*, þegið launin *Hss.*

þetta mun þá fram ganga; munu vjer svo styrkja ríkið K en hefja hann til frama. Síðan fór þetta fram með eiðum. Þá mælti Refur: Nú hefur þú, Óláfur kóngur, veitt mjer gott lið; skaltu nú fara leiðar þinnar. Óláfur mælti: Vitrir menn eiga hjer í hlut. Síðan sigldi hann í brott með liði sínu. Þá mælti Gautrekur kóngur: Hjer hef eg átt við slæga menn, en þó mun nú fast verða að vera. Neri jarl mælti þá við Ref: Nú þiki mjer því nær, að eg hafi launað þjer uxann og eigi betur, þvíáð þú gafst mjer aleigu þína, en eg á stóreignir aðrar. Síðan tók Refur jarldóm og fjekk kóngsdóttur og þótti hinn frægasti maður; enda var ætt hans af tignum mönnum. Refur stýrði jarls ríki og varð eigi gamall. En Neri jarl varð bráðdauður og dróttning Gautreks kóngs; og var drukkið erfi eptir þau, og lýkur hjer þessi sögu.

L 6. Þórir hjet einn ríkur maður; hann var hersir og átti stórt bú í Sogni; hann var ágætur maður og hit mesta mikilmenni. Hann var kvongaður og átti dóttur, þá er Ingibjörg hjet; hún var bæði vitur og væn. Hennar höfðu 5 beðið margir, og hafði hún öllum frávísað. Svo bar til, að Gautrekur kóngur kom þangað. Honum var vel fagnað og veitt góð veitsla. Þar var og kominn einn kóngsson, er Ólafur hjet, með hundrað manna og hafði beðið Ingibjargar, en hún hafði því vel svarað, því hann var ungur og inn 10 vænsti maður. Gautrekur kóngur spurði þetta og gaf öngvan gaum að þessu og hefur upp bónorð sitt og biður Ingibjargar sjer til handa. Þórir segir: Svo er mál með vexti, sem þjer er kunnugt, að hjer er kominn kóngsson, er Ólafur heitir, og er hinn vænsti maður og hefur beðið Ingibjargar sjer 15 til handa. Svo er oss og kunnugleiki á þjer, Gautrekur kóngur, að þú ert inn ágætasti kóngur, og hefur stýrt þínu ríki vel og lengi. Því skal hún sjálf kjósa sjer mann, þann sem hún vill. Þeim líkaði vel þessi svör, og gengu síðan til skemmu Ingibjargar, og sagði faðir hennar, hvar komið 20 væri, og bað hana að úrskurða, hvorn hún vildi eiga. Svo litst mjer, sagði hún, sem þetta sje báðir ágætir menn og mjer meir en fullkosta, hvorn sem eg hlft. Sýnist mjer Ólafur gott höfðingja efni, þótt hann sje lítt reyndur. En Gautrekur kóngur er oss kunnugur, hvern 25 almennings róm hann hefur á sjer bæði við ríka og óríka. Og mun eg heldur kjósa Gautrek kóng, þó að hann sje gamall; en vjer vitum ekki kost nje löst á hinum, þó hann sje vænn að sjá. Vil eg heldur vera gipt ágætum kóngi, þótt hann lifi skamma stund, heldur en ungum og óstöðugum, 30 þótt hann yrði svo gamall sem steinabru. Má eg eiga við honum sonu ágæta, og uni eg þar stórliga lengi við eptir hans dag. Og sem þeir heyrðu hennar orð, þá spratt Gautrekur kóngur upp og fastnaði sjer Ingibjörgu. Ólafur varð reiður mjög og kvaðst þessa hefna skyldu á

2. hit] M, *fehlt* L. 3. er] l, *fehlt* LM. 16. ágætastij] M, ágæstatur L. 18. og] M, *fehlt* L. 30. eiga] *nach Detters Ausg. S. 5, 13.*, eigi LM; *in l gebessert*: Má vera eg eigi. 34. hefna] MI, hefnast L.

Gautrek kóngi sjálfum og hans liði. Gautrekur kóngur L. kvað ei mega þann böi bera, sem ekki mætti heyra. Ólafur fór í burt með liði sínu og var inn reiðasti. Gautrekur kóngur dvaldist þar nokkrar nætur; eptir það bjóst hann 5 í tómi. Var Ingibjörg í ferð með kóngi, vildi hann drekka heima brullaup til hennar. En þórir var stórauðugur og greiddi af hendi harla mikið fje í gulli og silfri. Reið Gautrekur heim með sínu föruneysi, og sem þeir ridu hjá skógi nokkrum, þá spratt upp hjá þeim mikið herlið. 10 Var þar kominn Ólafur með alla sína menn og bað Gautrek kóng að gjöra annaðhvort, að berjast við sig eða gefa upp Ingibjörgu og fje, það sem henni fylgdi. Gautrekur kóngur mælti: Þá er illa, ef þú tekur jungfrú af mjer, og helst lengi hefi eg þá lifað; og bað menn sína brytja drengi og bregða vopnum. Verður þar hinn snarpasti bardagi. Gaut- 15 rekur kóngur gengur nú fram með inu mesta kappi í fylking Óláfs og allir hans menn; fellur hver um þveran annan; stendst nú ekki neitt fyrir þeim. Fjell þar Ólafur og allir hans menn, svo enginn einn stóð eptir. En Gautrekur kóngur var ekki sár, en fá menn látið. 20 Fer hann síðan heim, og þikir hans ferð orðin in skörugligasta; drekkur brullaup sitt með mikið fjölmenni. Takast upp góðar ástir með þeim. Liðu nú stundir eigi langar, áður en dróttning fæddi sveinbarn, og var færður kónginum, og ljet hann heita Ketil. Óx hann þar upp og var heldur 25 lítill vexti. Dróttning fæddi annan svein, hjet sá Hrólfur. Voru þessir sveinar vandliga uppfæddir. Var Hrólfur snemma mikill fyrir sjer. Og endar hjer nú þátt GjafaRefs og Dalafífla.

27. vandliga] M, *vanmliga* L. 8—29. Og—Dalafífla] L, sem seinna sananst og í hans sögu mun sagt verða M.